

Nd.

513. Frumvarp til laga

[192. mál]

um að banna hnefaleika.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Helgi Jónasson.

1. gr.

Bönnuð er öll keppni eða sýning á hnefaleik. Enn fremur er bannað að kenna hnefaleik.

2. gr.

Bönnuð er sala og notkun hnefaleikaglófa og annarra tækja, sem ætluð eru til þjálfunar hnefaleikara. Í reglugerð skal ákveða, hvernig fara skuli með slík tæki, sem nú eru til í landinu.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal varða sektum allt að 10000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hnefaleikur er einhver sá ógeðfelldasti leikur, sem hér þekkist.

Ef íþrótt er skýrgreind sem holl hreyfing, vel fallin til þess að gera menn hrausta á sál og líkama, þá er öfugmæli að kalla hnefaleika íþrótt.

Sem betur fer, hafa hnefaleikar aldrei verið vinsælir hér. Ekki er kunnugt, að neinn hafi látið lífið hér við opinbera hnefaleikakeppni. Slíkt er þó algengt erlendis. Hitt er þó enn algengara þar, að hnefaleikarar verði það, sem kalla mætti „höggdruknir“, þ. e. fá meiri eða minni heilaskemmdir, sem valda því, að þeir haga sér eins og þeir væru lítills háttar ölvaðir.

Stórslys og dauðsföll hafa hlotizt hér á landi af áverkum af hendi manna, er vanizt höfðu hnefaleikum. Er því full ástæða til að stemma á að ósi í þessu efni og banna alla keppni og kennslu í hnefaleik hér á landi.